

MOSFELLINGUR

10. tbl. 7. árg. föstudagur 22. ágúst 2008. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Íbúar í Þrastarhöfða eru farnir að undirbúa skreytingar fyrir bæjarhátíðina. Búið er við mikilli litadýrð í hverfum bæjarins og eru íbúar hvattir til þess að sýna lit.



Bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima, hefst 28. ágúst

UNDIRBÚNINGUR HAFINN

EIGN VIKUNNAR

Spóahöfði - raðhús

 **EIGNAMÍÐLUN**
Mosfellsbæ




Glæsilegt fjögurra herbergja enda-raðhús í vinsælu hverfi við golfvöllinn í Mosfellsbæ. Raðhúsið er 174 m² á tveimur hæðum. Mikið opið svæði og leikvöllur eru fyrir framan húsið. 26,2 fm bílskúr með hita, rafmagni.

46,4 m.



Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



100% Speltbrauð

MOSFELLSSAKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbær
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök
*Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.*
**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 12. sept.

Bæjarhátíðin okkar

Nú styttest óðfluga í bæjarhátíðina. Í túninu heima, sem haldin er í fjórða sinn. Hátíðin fer ört stækkandi og dagskráin verður veglegri með hverju árinu sem líður. Sannkölluð fjölskylduhátíð þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Í fyrra var tekið upp á því að hverfa skipta bænum og hvetja íbúa til litaskreytinga sem tókst afar vel.



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Skreytingarnar slógu gjörsamlega í gegn og eiga án efa eftir að verða enn flottari og fyrirferðameiri í ár.

Forspraki hátíðarinnar er Daði Þór Einarsson, stjórnandi skólahljómsveitarinnar og er hann „Mosfellingurinn“ að þessu sinni í viðtali Ruthar Örnólfsdóttur blaðamanns.

Dagskrá bæjarhátíðarinnar má finna í opnu blaðsins og er hentugt að taka hana með sér á viðburði sem í boði eru. Mosfellingar eru hvattir til að láta sjá sig og taka þátt í hátíðinni með fullum hug.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar krakkarnir í leikskólanum Hlaðhömrum og dagheimlinu Hlíð fengu Klifur-kastala með hengibrú, tröppu og rennibraut. Krökkunum á leikskólanum hafði lengi látið sig dreyma um flottan kastala og var mikil hátíð hjá þeim þegar kastalinn var tekinn í notkun þann 11. maí 1989. Kastalinn þótti kostnaðarsamur en með sameiginlegu átaki starfsmanna, foreldra, bæjaryfirvalda og Álfarós tókst að kaupa hann og setja upp. Börnin kunnu svo sannarlega að meta þetta nýja leiktæki og enn þann dag í dag er mikil traffík í rennibrautina.



HÉÐAN OG ÞAÐAN



Finnst þér gaman að syngja?

Við leitum að nýjum félögum í okkar frábæra kór, Karlakór Kjalnesinga

Nánari upplýsingar hjá Guðmundi Guðlaugssyni formanni í síma 660-3803 eða Páli Helgasyni söngstjóra í síma 896-0415, einnig er hægt að senda fyrirspurnir á palhelga@simnet.is

PÍLUS

MOSFELLSBÆ

Hársnyrting - verslun



Ragnhildur mælir með.

Shade memory.

Vivid reds

Fyrir: Líflaust hár með ójöfnum lit

Eftir: Hárið verndað og uppbyggt af styrkjandi próteingjöfum. Hárliturinn verður jafn og glansandi.



Þverholti 2 Kjarna Mosfellsbæ S:566 6090



Mikil litadýrð á bæjarhátíðinni

Íbúar eru hvattir til að skreyta heimkynni sín á bæjarhátíðinni „Í túninu heima“ sem hefst þann 28. ágúst. Hátíðin stendur yfir til sunnudags. Veitt verða verðlaun fyrir mest skreytta hverfið, frumlegustu skreytinguna og þátttöku hverfa í skrudgöngunni. Hverfa- og litaskipting er eftirfarandi:

GULUR – Höfðar, Hlíðar, Tún og Mýrar.

RAUÐUR – Tangar, Holt og Miðbær.

HVÍTUR – Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og Dalur.

BLÁR – Reykjahverfi.

Forstöðumaður kynningarmála

Sigríður Dögg Auðunsdóttir hefur verið ráðin í nýtt starf forstöðumanns kynningarmála hjá Mosfellsbæ.



Meginhlutverk forstöðumanns kynningarmála er að efla jákvæða ímynd og sýnileika Mosfellsbæjar jafnt út á við sem innan bæjarfélagsins auk þess að hafa umsjón með stefnumótun á þessu sviði. Sigríður Dögg er fædd árið 1972 og er þriggja barna móðir. Hún hefur starfað í tíu ár við fjölmiðla, lengst af sem blaðamaður.

Sr. Jón Þorsteinsson í Mosfellsprestakalli í 18 ár

Sr. Jón lætur af störfum

Séra Jón Þorsteinsson sóknarprestur í Mosfellsprestakalli hefur beðist lausnar frá störfum sínum og sinnir síðustu guðþjónustu sinni í Lágafellskirkju þann 24. ágúst n.k.

Blaðamaður sló á þráðinn til Jóns og spurði hann út í þessi tímamót og hvað framundan sé hjá honum og eiginkonu hans en Jón er kvæntur Sigríði Önnu Þórðardóttur fyrrverandi umhverfisráðherra.

Leiðin liggur til Kanada

„Já, nú eru sannarlega tímamót framundan“ segir Jón. „Sigríður Anna, kona mín, hefur verið skipuð sendiherra í Kanada og tekur við því embætti 1. september svo leið okkar liggur þangað í endaðan ágúst.“

Nú, þegar þetta lá ljóst fyrir þá ákvað ég að láta af embætti og baðst lausnar. Síðasta guðþjónusta mín verður 24. ágúst kl. 14 og vonast ég til að sjá sem flesta. Sóknarnefndin hefur ákveðið að bjóða kirkjugestum upp á kaffisopa í Hlégarði strax eftir guðþjónustuna.“

Er ekki eftirsjá að starfinu? „Jú, auðvitað er eftirsjá að starfinu og því samfélagi sem við höfum átt hér í nær átján ár. Hugurinn er fullur þakklætis fyrir þann góða og blessunarríka tíma.“

Framundan eru hins vegar spennandi verkefni í fjarlægum landi sem þó á líka sína Íslandssögu eins og flestir þekja.

Sigríður Anna kemur vafalaust til með að hafa mikið að gera í sínu starfi og ég reyni auðvitað að leggja mitt að mörkum á þeim vettvangi. Ég hef örugglega líka ráðrúm til að sinna hugðarefnum sem setið hafa á hakanum í gegnum tíðina eins og myndlistar- og tungumálanám sem er ofarlega á óskalistanum.“

Eitthvað sem þú vilt segja að lokum? „Ég vil þakka öllu þessu góða fólki sem ég hef unnið með í gegnum árin og bið góðan guð að blessa sóknarbörnin mín og allt það starf sem hér er unnið í nafni kirkju Krists.“

R.Ö.



Sr. Jón Þorsteinsson lætur af störfum sem sóknarprestur í Mosfellsbæ.

Mosfellsbær opnar rafrænar dyr að stjórnsýslu bæjarins á netinu

Íbúar komnir í beint samband

Mosfellsbær hefur tekið í notkun svokallaða íbúagátt, sem eru rafrænar dyr að stjórnsýslu Mosfellsbæjar, og skipar sér þar með í framvarðarsveit sveitarfélaga á beitingu upplýsingatækni í stjórnsýslu, segir í tilkynningu frá bænum. Með þjónustunni hefur Mosfellsbær þar með stigið enn eitt skrefið í að gera stjórnsýsluna aðgengilegri og auðveldar um leið íbúum bæjarins að nálgast þjónustu á vegum sveitarfélagsins.



Hægt er opna íbúagáttina í gegnum veðsíðu bæjarins, www.mos.is.

Mikilvægt skref

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri segir: „Með tilkomu íbúagáttarinnar hefur Mosfellsbær stigið mikilvægt skref í átt að markmiðum sínum um skilvirka og ábyrga stjórnsýslu. Segja má að með íbúagáttinni séu bæjarbúar komnir í beint samband við bæinn sinn því nú geta þeir með rafrænum hætti sótt um þjónustu til sveitarfélagsins, sent inn formleg erindi, fylgst með framgangi



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Brynhildur Georgsdóttir bæjarritari opna íbúagáttina formlega.

sinna mála, skoðað greiðslustöðu, komið ábendingum á framfæri og ýmislegt fleira.“

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgiöld næstu vikur:

24. ágúst kl. 14:

Guðþjónusta í Lágafellskirkju. Sr. Jón Þorsteinsson kveður söfnuðinn Einsöngur: Diddú Kirkjukaffi verður í boði sóknarnefndar í Hlégarði að lokinni guðþjónustu.

31. ágúst kl. 11

„Í túninu heima“ Guðþjónusta í Lágafellskirkju

7. september kl. 11

Guðþjónusta í Lágafellskirkju. Sunnudagaskólinn hefst í Lágafellskirkju kl. 13



SÓKN Í SÓKN
– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!

SJÁLFSVARNAR- NÁMSKEIÐ fyrir stúlkur

Sjálfsvarrnámskeið fyrir stúlkur fæddar '93-'96 á vegum World Class í Mosfellsbæ.

Markmið námskeiðsins er að kenna stúlkunum að verja sig, ásamt því að auka hjá þeim þol og styrk. Sjálfsvörn er kennd af Dieudonne Gerritsen (Don), sem er yfirkennari Sjálfsvarnarskóla Íslands og Jiu jitsu félags Reykjavíkur. Aðrir kennarar eru einkaþjálfarar og íþróttaræðingar sem starfa hjá World Class.

Innifalið í námskeiðinu:

Tímar 2svar í viku í 1 klst í senn.

Námskeiðið varir í 12 vikur

Farið verður vel í sjálfsvörn þ.e losunarbrögð, högg og spörk

Kennsla í Fitness boxi, Pöllum, Aerobic, herþjálfun og fl.

Kennsla á þoltæki stöðvarinnar

Kennsla á hraðbraut stöðvarinnar

Fæðuráðgjöf

Förðun og snyrting

Gjöf frá Bio Therm

World Class bolur

World Class brúsi

Stúlkurnar hafa aðgang að öllum stöðvum World Class, og fritt í sund í Lágafellslaug, Laugardalslaug og Seltjarnarleslaug.

Upplýsingar í síma 892 8633



Stúlkur undir 15 ára þurfa að vera í fylgd fullorðins aðila við æfingar fyrir utan námskeiðstímana.

Námskeiðið hefst **9. sept** og stendur til 27. nóv.

Tekið verður á móti tómstundaávísunum.



KONUR ÁTAK DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS

Streetstyle, Jazz, Hip Hop, Break, Freestyle og barnadansar. Tekið verður á móti tómstundaávísunum.

Skráning í síma **566 7888**

Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar **www.worldclass.is**

Ný stundaskrá tekur gildi 1. september

Námskeiðin hefjast 3. september

Mikið úrval af opnum hóptímum

Sjá nánar á **www.worldclass.is**



Sími 553 0000

Laugar - Spöngin - Hús Orkuveitunnar - Seltjarnarnes - Kópavogur - Hafnarfjörður - Mosfellsbær

www.worldclass.is

Mosfellsbær ræður mannauðsstjóra

Sigríður Indriðadóttir hefur verið ráðin í nýtt starf mannauðsstjóra Mosfellsbæjar. Meginhlutverk mannauðsstjóra er að taka þátt í fjölbreyttu og krefjandi starfi í bæjarfélaginu og útfæra mannauðsmál á samræmi við stefnu Mosfellsbæjar hverju sinni.



Sigríður er fædd árið 1972, hún er grunnskólakennari að mennt með meistaraþráðu í félagsvísindum með áherslu á mannauðs- og menntunarfræði frá Háskólanum í Lundi.



Góð þátttaka á „Kátt í Kjós“

Laugardaginn 19. júlí var sveitin opnuð undir kjörorðinu „Kátt í Kjós“ fyrir gestum og gangandi. Þetta er í annað sinn sem efnt er til opins dags. Þeim landsmönnum fer fækkandi sem hafa bein tengsl við sveitasæluna og vilja því íbúar Kjósarhrepps koma til móts við þá landsmenn sem áhuga hafa á að skreppa í sveitina sér til ánægjuauka. Jafnframt þessu er það markmið með opnum degi að vekja athygli á þeirri starfsemi sem fram fer í Kjósinni og þeim gríðarlegu tækifærum sem þar felast. Margir aðilar buðu gestum heim á staði sína. Í Félagsgarði var alvöru sveitamarkaður með vörum úr sveitinni. Björgunar-sveitin Kjölur og Kvenfélag Kjósarhrepps buðu upp á kaffi og heitar vöffur.

ELDRI BORGARAR



Íbúasamtök Leirvogstungu héldu íbúadag og vígðu Skiphól

Víkingaleikvöllur vígður



Íbúasamtök Leirvogstungu stóðu fyrir íbúadeigi í blíðskaparveðri laugardaginn 9. ágúst. Við sama tækifæri var nýr víkingaleikvöllur við Köldukvísl fyrir neðan Kvíslartungu vígður. Völlurinn ber nafnið Skiphóll eftir hól í nágrenninu sem kaupskip lögðu upp að þegar þau komu að landi í Leirvogstungu.

Meðal þess sem boðið var upp á er víkingasýning, hestaferðir, hoppukastali og grillmat.

Alíslenskur og öryggisstaðlaður

Víkingavöllurinn er samvinnuverkefni Leirvogstungu og Íshamars. „Völlurinn á sér enga hliðstæðu og þróaðist verkefnið í höndunum á okkur meðan á því stóð. Öllum reglum var gaumgæfilega fylgt eftir og völlurinn kemur til með að verða vottaður samkvæmt ESB öryggisstöðlum. Efnið er allt komið frá Hallormsstaðaskógi og unnið hér staðnum,” segir Gunnar Helgason húsamíðameistari og eigandi Íshamars.

„Það er um að gera að ráðast í svona lagað þegar harðnar í dalnum í öðrum verkefnum.”



Ágúst og Lára með Halldóru, dóttur sína, á hestbaki.



Ánægðir með útkomuna. Gunnar og Bjarni við vígsluna.

Skírskotun í Íslendingasögur

Bjarni Sv. Guðmundsson, athafnamaður í Leirvogstungu tekur í sama streng og ber Mosfellingunum í Íshamri góða söguna. „Þetta eru skemmtilegir strákar og hörku duglegir. Ég er hæst ánægður með útkomuna og völlurinn er strax orðinn mjög vinsæll.”

Söguskýringar við völlinn eiga sér allar skírskotun í Íslendingasögur enda völlurinn í nálægð við sögu-slóðir. Nöfnin er t.d. Skiphóll, Búakofi, Kolfinnsvígi, Ólafarsæti og Andríðsfley.

Leikvöllurinn er staðsettur fyrir neðan Kvíslartungu sem er neðst í hverfinu.



Stoltir smiðir við leikvöllinn. Einar, Viðar, Þrándur og Reynir.

Jónatansferð!

Ferð í boði Hópfæðabíla Jónatans verður laugardaginn 6. sept. og verður lagt af stað kl. 12 frá Hlaðhömrum. Farið verður á Þingvöll og í Borgarfjörð. Kostnaður er kr. 1.500,- þ.e. veitingar í Fossártúni. Skráning er til 5. september í síma 586-8014 e. hádegi og GSM.692-0814

Ferðafélagar til Costa del sol!

Fundur verður haldinn í Safnaðarheimilinu Þverholti 3 Ill. hæð þriðjudaginn 26. ágúst kl. 16.

Tréskurðarnámskeið

byrjar 4. september kl. 12.30. Handverksstofan á Hlaðhömrum er opin alla virka daga frá kl. 13-16 sími 586-8014.

Púttkennsla!

er við Hlaðhamra á föstudögum og mánudögum kl. 14. Áhöld eru lánuð á staðnum.

Ganga!

Á þriðjudögum og fimmtudögum er ganga frá Hlaðhömrum kl. 17.30.

ELDING LÍKAMSÆKT

ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐINNI VARMÁ



VERÐSKRÁ:

	Almenningur	Nemendur í 8. -10. bekk í Varmár- og Lágafellsskóla
Stakur tími/prufutími	800 kr	
1 mánuður	6.300 kr	3.500 kr
3 mánuðir	13.920 kr	7.500 kr
6 mánuðir	22.500 kr	15.000 kr
12 mánuðir	39.990*/32.940 kr**	30.000 kr

Ókeypis í sund eftir æfingar fyrir korthafa

*** mánaðaráskrift (12 mánuðir eða lengur)**

****eingreiðsluverð**

PRÓFAÐU EITTHVAÐ NÝTT !



ROPE YOGA FUSION ÁTAKSNÁMSKEIÐ – HEFST 1. SEPTEMBER

Upplýsingar og skráning í síma 692 3062

Leiðbeinandi á námskeiðinu er hinn reyndi Rope Yoga kennari og einkapjálfi, Sígga Dóra.



Einar Páll
Kjærnested
fag. sölumenn



Hilmar Páll
Kjærnested
fag. sölumenn



Sigrún S.
Sigrúnsson
fag. sölumenn



Rósa S.
Sigrúnsson
fag. sölumenn



Sigrún S.
Sigrúnsson
fag. sölumenn



Hjallahlíð 25 - 2ja herbergja

Björt og falleg 65,8 fm 2ja herbergja íbúð á annarri hæð með sérinngangi. Íbúðin skiptist í forstofu, stórt herbergi, geymslu sem nú er notuð sem barnaherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og geymsluloft. Þetta er mjög vel staðsett eign, stutt er í skóla, leikskóla, sund, World Class og á golfvöllinn.

V. 19,7 m.



Skeljatangi - 4ra herbergja

Falleg og vel skipulögð 94,2 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi og svölum í fjörbýli við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Falleg íbúð sem skiptist í forstofu, gang, hjónaherbergi, tvö góð barnaherbergi, þvottahús, baðherbergi, stofu, eldhús og gott geymsluloft.

V. 26,9 m.



Klapparhlíð - 2ja herb.

Glæsileg 2ja herbergja 66,6 fm íbúð með sérinngangi og sérgarði á jarðhæð í Mosfellsbæ. Íbúðinni skiptist í forstofu, rúmgott svefnherbergi, baðherbergi með baðkari, þvottahús, stofu og fallegt eldhús. Innréttingar eru úr mahöny og á gólum er eikarparket og flísar. Mjög stutt er í grunnskóla, leikskóla, sundlaug og World Class, sem og á golfvöll Mosfellsbæjar.

V. 19,6 m



Klapparhlíð - Endaíbúð

Björt og falleg 98,9 fm 4ra herb. endaíbúð með sérinngangi og timburverönd á 1. hæð í 2ja hæða fjölbýli í Mosfellsbæ. Íbúðin er með eikarparketi og mahöny innréttingum. Náttúru flísar eru á forstofu. Baðherbergi og þvottah. eru flísalögð. Falleg eign á flöttum stað mjög stutt er í leikskóla, grunnskóla, sundlaug, World Class, svo er golfvöllur og fallegar gönguleiðir á næstu grösum.

V. 28,7 m.



Miðholt - rúmgóð

Rúmgóð og björt 82,4 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Miðholt í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin skiptist í forstofugang, baðherbergi, barnaherbergi, hjónaherbergi, hol, stofu og eldhús.

V. 21,9 m.



Bjartahlíð - 3ja herb. jarðh.

Rúmgóð og björt 104,2 fm, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérgarði í 3ja hæða fjölbýli við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, gott þvottahús/geymslu, eldhús með borðkrók, baðherbergi með sturtu og kari, tvö rúmgóð herbergi, stofu og borðstofu. Mjög stutt er í leikskóla, grunnskóla, sundlaug og World Class.

V. 24,8 m.



Tröllateigur 19, 2.h.h. - 4ra

Vorum að fá mjög glæsilega 122,8 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjörbýlishúsi við Tröllateig 19 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög rúmgóð og björt. Þrjú góð svefnherbergi og stór geymsla sem hægt er nýta sem herbergi. Mjög góður staður, lítið leiksvæði rétt við húsið og stutt í alla þjónustu.

V. 31,5 m



Spóahöfði 7 - endaraðhús

Glæsilegt 174 fm, 4ra herb. endaraðhús með innb. bílskúr í vinsælu hverfi við golfvöllinn í Mosfellsbæ. Íbúðin mjög björt og skemmtileg, skiptist í þrjú herb. stofu, borðstofu, baðh., eldhús, þvottahús og 26,2 fm bílskúr. Á efri hæð er sjónvarpshol og gott alrými sem skiptist í dag í vinnuðstöðu og svefnaðstöðu. Fallegur skjólsæll garður með góðri timburverönd.

V. 46,4



Þrastarhöfði - útsýni

Falleg og björt 109,4 fm 4ra herb. endaíbúð með glæsilegu útsýni á efstu hæð í nýju 3ja hæða fjölbýli, ásamt bílastæði í bílarkjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Lóð er mjög falleg með leiktækjum. Frábær staðsetning stutt í skóla, leikskóla, golf og sund.

V. 32,9 m



Arnatangi - Raðhús

Vel staðsett 4ra herbergja, 94 m² raðhús á einni hæð ásamt bílskúr við Arnatanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, lokað eldhús, baðherbergi og stóra stofu. Skjólögður garður í suður með timburverönd. Falleg aðkoma er að húsinu, hellulagt bílapiplan með snjóbræðslu.

V. 29,5 m. m.



Blikahöfði - mikið útsýni

Sérlega falleg 100 m², 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. Íbúðin er mjög fallega innréttuð, mahöny innrétting er í eldhúsi ásamt mahöny fataskápum í herbergjum. Úr stofu er gengið út á stórar svalir í suðvestur með gróðarmiklu útsýni.

V. 27,5 m.



Stórikriki - auðveld kaup

Fallegt og vel skipulagt 219,5 fm endaraðhús á tveimur hæðum og með innb. bílskúr. Húsið skiptist í anddyri, stofu, eldhús, snyrtingu og innbyggðan bílskúr. Á efri hæð eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi og sjónvarpsherbergi (sem mætti auðveldlega nýta sem herbergi). Hagstæð fjármögnun.

V. 55.9 m.



Fálkahöfði - fallegt parhús

Mjög fallegt 132,6 fm 4ra herb., einlyft parhús með innb. 27,2 fm bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, þvh., baðh., með kári og sturtu, hol, gang, tvö góð barnah., hjónah., stofu, borðstofu, eldhús og bílskúr með millilofti. Húsið stendur innst í botnlanga á fallegri og gróinni lóð. Stórt bílapan fyrir framan húsið er hellulagt. Mjög stutt er í skóla, leikskóla, sundlaug og World Class, sem og á golfvöll Mosfellsbæjar.

V. 39,9 m.



Leirvogstunga - nýtt einbýli

Nýtt og vandað 198 fm einbýli með innbyggðum 34,0 fm bílskúr á góðum stað í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsið er vel skipulagt, 4 svefnherb, stofa, eldhús, þvottahús og tvö baðherb. Húsið skilast með fullbúinni lýsingu frá Lumex, málað að innan og tilbúið til innréttinga og án gólfefna, þó eru flísar á bílskúr og þvottahúsi.

V 43,7 m.



Einiteigur - glæsilegt parhús

Glæsilegt 164,4 fm parhús á einni hæð með glæsilegu útsýni. Húsið er allt mjög vandað og ekkert til sparað, mjög stórt alrými, en þar er eldhús, borðstofa, stofa og sólstofa. Stórt hjónah. með fatah. og gott herb. Fallegt baðh., sér þvh. og bílskúr. Lóð er til fyrirmyndar - hellulagt bílapan og stórar timburverandar með skjólgirðingu. Húsið á góðum stað, stutt í alla þjónustu og fallegar gönguleiðir.

V 55,0 m.



Brattholt - Einbýlishús

Fallegt 153,9 fm einbýlishús á einni hæð með bílskúr við Brattholt í Mosfellsbæ. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, stofa, gott eldhús með borðkrók, þvottahús, geymsla, anddyri og baðherbergi með kári. Húsið stendur á endalóð og garðurinn er mjög fallegur með góðri timburverönd. Þetta er falleg og vel staðsett eign á vinsælum stað.

V 40,9 m.



Hlíðarás - glæsilegt útsýni

Fallegt 163,4 fm parhús á 2 hæðum með innbyggðum 27,8 fm bílskúr við Hlíðarás í Mosfellsbæ. Húsið er allt mjög vandað og stendur á fallegum útsýnisstað. Á neðri hæðinni er forstofa, forstofuherbergi/sjónvarpshol, þvottahús og innbyggður bílskúr. Á efri hæðinni eru 3 svefnherbergi, stór stofa, baðherbergi og eldhús. Stórar svalir eru út af stofunni.

V. 44,9 m.



Arnartangi - glæsilegt

Mjög fallegt einnar hæðar 219,6 fm einbýlishús. Húsið hefur verið töluvert endurnýjað m.a. þakkantur, eldhús, ofnar og gólfefni. 4 rúmgóð svefnherbergi. Glæsilegur garðskáli með kamínu. Góður 38 fm bílskúr og stór og breið innkeyrsla. Áhvilandi er lán frá Glitni sem mögulegt er að yfirtaka. LÆKKAD VERÐ

V. 49,9 m.



Fellsás - útsýni

Glæsilegt 184,7 m2 parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Húsið var allt innréttað á vandaðan hátt árið 2003 og hannað af Péttri Birgissyni, innanúsarkitekt. Húsið stendur innst í botnlanga og hátt í landi og er mikið útsýni og víðáttu há húsinu. Þetta er afar skemmtileg og vel hönnuð eign á flottum stað.

V. 56,9 m.



Litlrikri - fjölbýlishús

7 íbúðir í mjög glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi sem nú er í byggingu við Litlrikri 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru 3ja - 5 herbergja og fylgir sumum íbúðum BÍLSKÚR í kjallara. Íbúðirnar verða með eikarinnréttingu frá EGG og afhendast fullbúnar, án gólfefna í nóvember 2008.

Verð frá 25,2 m.



Hjarðarland - fallegt parhús

Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni í fallegum botnlanga við Hjarðarland í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er forstofa, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Á efri hæð er stór og glæsileg stofa, sjónvarpshol, svefnherbergi og stórt eldhús m/borðkrók. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og gott bílapan.

V. 46,8 m.



Þokkabakki - eignarhluti í

Eignarhluti í hesthúsi til sölu. Pláss fyrir 6 hesta við Þokkabakka í Mosfellsbæ. Um er að ræða þrjár 2ja hesta stíur í 211,0 fm hesthúsi sem hefur verið skipt í tvær einingar. Í húsinu er stór og góð hlaða, hnakkageymsla, salerni, góð kaffistofa með fatahengi og borðkrók. Kalt vatn og rafmagn er í húsinu. Stórt gerði er fyrir framan húsið. Þetta er fínt hús á góðum stað í hesthúshverfinu í Mosfellsbæ.

V. 6,0 m.



Ásland - Glæsilegt einbýli

Sérlega vandað 327,8 m2 tvílyft einbýli. Húsið skiptist í forstofu, stórt eldhús með borðkrók, flísalagt þvh., hjónah., með sér baðh., snyrtingu, garðskála, 3 stór herb., baðh. með baðkari, fittnessh., gufubað, sjónvarpshol, stofu, borðstofu með glæsilegu útsýni, tvöfaldan fullbúinn bílskúr. Fallega garður með palli og heitum potti, hellulagt bílapan. Sérlega vandað einbýli á mjög fallegum útsýnisstað.

V. 89,0 m.



Skuggabakki - Hesthús

Til sölu 54,7 m2 hesthús við Skuggabakka í Mosfellsbæ. Möguleiki er á að vera með 10 hesta í húsinu. Gott gerði er fyrir framan húsið. Rýmið skiptist í 5 rúmgóðar 2ja hestastíur og eina eins hestastíu, kaffistofu, hlöðu og stórt gerði. Stíurnar eru safnstíur sem hægt er að moka daglega og hafa mottur. Góð aðstaða er til útreiða og mikil uppbygging framundan hjá hestamannafélaginu Herði

V. 10,6 m.



Litlrikri - Fallegt einbýli

Glæsilegt og vandað tvílyft einbýli ásamt aukaíbúð og innbyggðum bílskúr í flottu hverfi í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í anddyri, hol, sjónvarpsh., tvö baðherbergi, hjónah. með fatah., fjögur góð herb., geymslu, þvottahús, bílskúr og auka 60 fm 2ja herb. íbúð sen skiptist í stofu, eldhús, herb., baðh., þvh. og geymslu. Bjart og fallegt hús með stórum gluggum, flottri lýsingu og glæsilegu útsýni.

V 84,0 m.



Besabakki - hesthús

12 hesta hesthús í tveggja eininga hesthúsi við Besabakka í Mosfellsbæ. Um er ræða 105,5 fm hesthús á mjög góðum stað. Hesthúsið skiptist í 5 rúmgóðar 2ja hesta stíur, tvær eins hestastíur, stóra hlöðu, kaffistofu og stórt og gott gerði. Kalt vatn og rafmagn er í húsinu. Þetta er fínt hús á góðum stað í eina hesthúshverfinu í Mosfellsbæ

V. 17,0 m.



Ýkt kominn yfir þig

Þann 28. ágúst munu ungliðar Leikfélags Mosfellsseitar frumsýna söngleikinn „Ýkt kominn yfir þig“ eftir Mark Ravenhill. Leikritið fjallar um unglinga í gagnfræðaskóla og líf þeirra. Ýmsum þekktum dægurlögum hefur verið fléttað inn í sýninguna svo að útkoman er eitthvað sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Sýningin er hluti af bæjarhátíðinni „Í túninu heima“, en aðrar sýningar verða laugardaginn 30. ágúst og fimmtudaginn 4. sept. Leikstjórar eru Agnes Þorkelsdóttir Wild og Sigrún Harðardóttir.

**HVAÐ ER
AÐ FRÉTTA?**

SENDU OKKUR LÍNU...

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is



Arkarholti 4



Hamratangi 15



Leirutangi 27

Áhugi á garðrækt eykst ár frá ári, segir umhverfisstjóri Mosfellsbæjar

Umhverfisviðurkenningar veittar

Þrír garðar í Mosfellsbæ hlutu á dögunum umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar 2008.

Meðal þess sem nefndin horfir til við veitingu umhverfisviðurkenninganna er ásýnd umhverfis, umhirda lóðar og gróður, hönnun og skipulagning lóðar, ásýnd byggingar, áhersla á umhverfismál og enn fremur staða úrgangsmála og mengunarvarna.

„Hér eru margir glæsilegir garðar og eru sigurgarðarnir í ár vitnisburður um það. Mosfellsbær statar jafnframt af óvenjumörgum grænum svæðum og leiksvæðum innan bæjarmarkanna og fjölmörgum útivistarperlum við bæjardyrnar,“ segir Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri.


Kristleifur Guðbjörnsson og Margrét Ólafsdóttir að Arkarholti 4 fengu viðurkenningu fyrir áratuga ræktunarstarf og hljóta viðurkenningu í þriðja sinn en þau fengu síðast viðurkenningu fyrir garð sinn



Verðlaunahafar 2008. Davíð Gunnlaugsson, f.h. Leirutanga 27, Anna Hlíf Svavarsdóttir, og dóttir hennar Alexandra Eik Októsdóttir, f.h. Hamratanga 15, Kristleifur Guðbjörnsson og Margrét Ólafsdóttir að Arkarholti 4.

fyrir fjórtán árum. Rannveig Reymondsdóttir og Svavar S. Tómasson að Hamratanga 15 hlutu viðurkenningu fyrir sérstaklega fallega hönnun og skipulag lóðar og Gunnlaug-

ur Júlíusson og Jónína S. Jónsdóttir að Leirutanga 27 fengu viðurkenningu fyrir fallegan og vel hirtan garð þar sem umhirda gróðurs er til fyrirmyndar.



ÓLYMPIÚLEIKAR
VINNUSTAÐA Í MOSFELLSBÆ

Allir helstu vinnustaðir keppa í Ólympíuþorpinu að Varmá laugardaginn 30. ágúst.

Leikarnir hefjast kl. 16:17

Keppnisgjald er að lámarki 15.000 kr. á vinnustað.

Einungis 12 fyrstu liðin sem skrá sig tryggja sér þátttökurétt. afturelding@internet.is

Brekkukot, útibú Krikaskóla, hefur verið tekið í notkun í Helgafellslandi

Krikaskóli tekinn í notkun

Í gær var útibú Krikaskóla í Helgafellslandi, Brekkukot, formlega tekið í notkun. Fyrsta starfsár hins nýja Krikaskóla fer fram í tímabundnu húsnæði í Helgafellslandi sem hefur verið vandað til í alla staði og er til mikillar fyrirmyndar.

Í skólanum í vetur verða 45 börn á aldrinum tveggja til fimm ára. Næsta haust færast starfsemin í nýja húsnæði í Krikahverfi og verða þá tekin inn 200 börn á aldrinum eins til níu ára.

Fyrsta flokks aðstaða

Þrúður Hjelm skólastjóri Krikaskóla segist afar ánægð með aðstöðuna í Brekkukoti. „Hér fer ekki á milli mála að vandað hefur verið til allra verka, jafnt utanhúss sem innan. Öllu er mjög haganlega fyrir komið og frágangur á skólalóð



Við opnun Brekkukots. Skólastjóri Krikaskóla, Þrúður Hjelm, er lengst til vinstri á myndinni.

til fyrirmyndar enda er húsnæðið alls ekkert bráðabirgðahúsnæði, heldur er áætlað að húsnæðið sem við nýtum núna verði upphafið að nýjum skóla Helgafellshverfis þegar við flytjum hédan að ári,“ segir Þrúður. „Við getum boðið upp á fyrsta flokks aðstöðu í Brekkukoti fyrir börn jafnt sem starfsfólk og hlökkum til að takast á við starfið í vetur,“ segir Þrúður um nýja skólann.





Merki Aftureldingar haldið á lofti í Úganda

Keppnistreyjur nýttar

Á vordögum var ráðist í tiltekt á búningageymslum knattspyrnudeildar. Það er mikið verk enda vel yfir 400 keppnisbúningar sem deildin á í sínum fótum. Í geymslunni hafa einnig verið geymdir gamlir keppnisbúningar sem ekki eru lengur í notkun, þeir hafa stundum verið seldir eða gefnir til iðkenda við ýmis tækifæri. En í vor var ákveðið að taka restina, þvo og flokka og reyna svo að koma þeim í hendurnar á einhverjum sem gætu nýtt þá.

Vel rúmlega hundrað gamlar treyjur voru sendar til ABC barnahjálpar á Íslandi og yfir 60 treyjur til SPES barnaþorpa.

Þar komu búningarnir sér svo sannarlega vel. Þakklætið hjá krökkunum í Úganda sem fengu sendingu í gegnum ABC barnahjálpar var mikið. Þau höfðu aldrei áður átt búninga og var gleðin yfir þeim mjög mikil. Stjórn knattspyrnu-deildarinnar mun lifa lengi á þakklætinu og hafa það í huga næst þegar endurnýja þarf búninga deildarinnar, að senda þá gömlu til þeirra sem gleðjast jafn mikið og raun ber vitni.

World Class býður upp á fjölbreytta haustönn

Líkamsrækt er lífsstíll

Nú líður að þeim tíma sem margir fara að huga að því að stunda markvissar æfingar sér til ánægju og heilsuþótar. Það skiptir okkur miklu máli að halda góðri heilsu til þess að geta tekið þátt í öllu því sem lífið hefur uppá að bjóða. Hjá mörgum er líkamsræktin lífsstíll. Þess vegna er nauðsynlegt að geta boðið uppá fjölbreytni í líkamsræktinni, leiðsögn og stuðning.

Haustönnin hjá World Class hefst mánudaginn 1. september. Þá tekur ný stundatafla gildi með fjölbreyttum tímum við allra hæfi. Átaksnámskeiðin fara af stað 3. september og boðið er upp á átakstíma snemma á morgnana og seinni partinn. Skokkhópurinn hefur verið vinsæll í sumar og verður skokkinu haldið áfram fram eftir hausti.



Allir viðskiptavinir hafa aðgang að þjálfurum sem aðstoða við að setja saman æfingaáætlanir, kenna á tækin í salnum og hvernig á að gera æfingarnar rétt. Einnig er hægt að fá fitu-, ummáls- og blóðþrýstingsmælingar. Heilsueftirlitið hentar vel þeim sem vilja fylgjast náið með árangri sínum. Það er aðhald hjá þjálfara í fjórar vikur með mælingum, kennslu á tæki, æfingaáætlun, markmiðssetningu og næringarráðgjöf. Einkabjálfun er einnig í boði enda hentar hún mörgum iðkendum til þess að ná markmiðum sínum og ná sem mestu út úr æfingunum.



Holland og Ísland fagna saman að loknum úrslitaleik.

4. flokkur kvenna sigraði á alþjóðlegu stórmóti

Bikar frá Barcelona

Snemma á þessu ári var 4.fl. kvk í Aftureldingu boðið að senda lið til keppni á 25 ára afmælistótið KOMM-MIT en mótið heitir ALL-TOGETHER-EUROPEAN-YOUTH-FOOTBALL-FESTIVAL og er ætlað evrópskum leikmönnum 15 ára og yngri. Boðið hafði komið í gegnum KSÍ en hluti af mótinu var að kynna land og þjóð auk þess sem boðslið frá hverju landi spila í raun undir merkjum þjóðlandsins ekkert síður en félagsliðsins. Yfir 70 lið tóku þátt í mótinu og þar af 8 stelpulið. Það var eldsnemma þann 4. júlí sem 19 stelpur héldu utan í fríðu föruneyti, þjálfara, fararstjóra og stuðningsmanna en alls voru 43 íslendingar í ferðinni. Skemmst er frá því að segja að stelpurnar unnu alla sína leiki í riðlinum og mættu dögum í undanúrslitum. Sá leikur var afar spennandi og stelpurnar tryggðu sér sigurinn í framlengingu.

Frábærir fulltrúar Íslands

Úrslitaleikur mótsins er upplifun sem stelpurnar eiga seint eftir að gleyma. Mikil viðhöfn var fyrir leikinn og gengu stelpurnar inn á völlinn undir fána Íslands og voru þær allar kynntar með nafni í hátalarakerfi. Þjóðsöngur landanna var spilaður og fjöldi fólks fylktist á völlinn en talið er að um 1000 manns hafi séð leikinn. Það er skemmst frá að segja að stelpurnar sýndu hreint frábæran leik, léku á alls oddi og þegar flautað var til leiklokla var staðan 3-0 Aftureldingu í vil. Það voru þreyttar og stoltar stelpur sem tóku við bikarnum í lokaathöfn mótsins við mikinn fögnuð áhorfenda enda voru ólíklegustu þjóðir farnar að hvetja þær í leiknum.

Fararstjórar voru þær Erna Reynisdóttir og Eygerður Helgadóttir og þjálfari stelpnanna er Bóel Kristjánsdóttir.



30. ÁGÚST Í ÁLAFOSSKVOSINNI ÚTIMARKAÐUR

Varmársamtökin halda útimarkað
í Álafosskvosinni laugardaginn 30. ágúst
milli kl.12 og 16.

Áhugasamir seljendur og sjálfboðaliðar
hafið samband við Sigrúnu Guðmundsdóttur í síma 586 8086
eða sendið póst á sigrun@ust.is



Kryddjurtir
Silungur
Lax
Harðfiskur

Fatnaður
Skrautmunir
Gamalt og
Nýtt

Grænmeti
Rósir
Sultur
Te

Söl
Salsa
Chutney
Heilsuvörur

Tónlist
Handverk
Kaffi og
vöflur

Í túninu HEIMA

Bæjarhá
Mosfells
Dagskrá da
28. - 31. ágú

FIMMTUDAGUR 28. ÁGÚST

MOSFELLSBÆR SKREYTTUR

Bæjarbúar skreyta bæinn í fjórum litum eftir hverfum.

Höfðar, Hlíðar, Tún og Mýrar – **GULUR**
Tangar, Holt og Miðbær – **RAUÐUR**
Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og Dalur – **HVÍTUR**
Reykjahverfi – **BLÁR**

20:00 BÓKASAFN MOSFELLSBÆJAR Í KJARNA

Ungir tónlistarmenn, Gréta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari og Matthías Ingiberg Sigurðsson, gítar- og klarínettuleikari koma fram ásamt listamönnunum Sigurði I. Snorrasyni karínettuleikara, Símoni H. Ívarssyni gítarleikara, Reyni Sigurðssyni slagverksleikara og Þorvaldi K. Þorvaldssyni söngvara.

20:00 BÆJARLEIKHÚSIÐ – frumsýning.

Leikfélag Mosfellssveitar frumsýnir leikritið: „Ýkt kominn yfir þig.“

FÖSTUDAGUR 29. ÁGÚST

10:00 BÓKASAFN MOSFELLSBÆJAR Í KJARNA

Bókasafn Mosfellsbæjar og leikskólar Mosfellsbæjar bjóða öllum fjögurra ára börnum í Mosfellsbæ á leiksýningu Stoppleikhússins Sigga og skessan.

Íþrótt- og útivistardagur barna:

Dagskrá unnin af kennurum grunnskóla Mosfellsbæjar.

13:00 – 17:00 LISTASALURINN Í KJARNA

H O L E U P Jóna Hlíf Halldórsdóttir sýnir samnefnda innsetningu sem er mynduð úr skúlptúr og hljóðverki. Sýningin er opin til 6. september.

19:45 HÁLOFTIN YFIR MIÐBÆJARKJARNANUM

Magnús Norðdal listflugmaður sýnir kúnstir í háloftunum.

20:00 – 23:00 SETNING HÁTÍÐAR Á NÝJA TORGINU VIÐ KJARNA

Hljómskálakvintettinn, setningarávarp, bæjarlistamaður kynntur, litaskipt skrudganga í brekkusönginn. Bæjarbúar mæta í sínum hverfislitum og ganga saman í flokkum eftir lit (gulur – rauður – hvítur – bláir).

Dagskrá í Ullarnesbrekkum

Varðeldur tendraður, dúettinn Hljómur leiðir brekkusöng, skátar úr Mosverjum selja heitt kakó, kyndlar tendraðir í lok dagskrár.

LAUGARDAGUR 30. ÁGÚST

ÍÞRÓTTAHÚSIÐ AÐ VARMÁ:

Bein útsending Rásar 2 frá Mosfellsbæ.

10:00-12:00 Nathashia með breik-kennslu og sýningu.

12:00 Hreysti-rattleikur fyrir alla fjölskylduna

13:00 Kynning á Rope Yoga.

13:00 – 14:00 Opinn salur hjá Eldingu. Leiðsögn, blóðþrýstingsmæling og næringarráðgjöf.

14:00 Kynning á ketilbjöllum.

15:00 Tarsanleikur.

10:00 – 16:00 TUNGUBAKKAVÖLLUR

Kjarnamót á Tungubökkum - hraðmót UMFUS.

KL 10:00 Regnbogahlaupið

Regnbogahlaupið – Mannræktin ATORKA-mannrækt & útivist skipuleggur hringhlaup á fellin umhverfis Mosfellsbæ (Helgafell, Reykjavell, Reykjaborg og Úlfarsfell). Nánar á www.man.is.

11:00 – 13:00 FLUGVÖLLURINN Á TUNGUBÖKKUM

Módel-flugáhugamenn setja vélar sínar á loft ef veður leyfir.

11:00 – 18:00 HLÍÐARVÖLLUR

Púttflatar Golfklúbbsins Kjalar opnar fyrir alla sem langar að prófa að pútta.

11:00 – 18:00 BAKKAKOTSVÖLLUR Í MOSFELLSDAL

Lokaumferð TÓPAS mótaráðarinnar.

13:00 – 17:00 LISTASALURINN Í KJARNA

H O L E U P Jóna Hlíf Halldórsdóttir sýnir samnefnda innsetningu sem er mynduð úr skúlptúr og hljóðverki. Sýningin er opin til 6. september.

13:00 – 17:00 ÍÞRÓTTAHÚSIÐ AÐ VARMÁ

Meira en 50 fyrirtæki, stofnanir, klúbbar, félagasamtök og einstaklingar kynna starfsemi sína að þessu sinni.

Dagskrá á hátíðarsviði:

13:30 Fimleikasýning og karatesýning

14:00 Halla og Gulli sýna atriði úr Abbababb

14:30 Kynslóðabandið - Hljómsveitina skipa fimm nemendur úr FÍH skólanum, Ingimar Andersen, alto saxófónn, Daníel Böðvarsson, gítar, Kristján Martinson, píanó, Andri Ólafsson, bassi, Magnús Tryggvason Eliassen, trommur, ásamt stjórnandanum Reyni Sigurðssyni, víbrafónn sem jafnframt útsetur tónlistina.

16:00 Tónlistaratriði frá Tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar.

VARMÁRVÖLLUR:

14:00 Fótoltaleikur: Meistaraflokkur karla: Afturelding – Hvöt.

14:30 Hundasýning: Hundaræktunarfélag Íslands.

16:00 Flugsýning: Hópflug yfir hátíðarsvæðið.

16:17 Ólympíuleikar Mosfellsbæjar: Starfsmenn fyrirtækja keppa í ýmsum þrautum með ólympísku ívafi.

13:00 – 17:00 „BORHOLA 13“

Mosfellsbær er uppspretta heita vatnsins! Orkuveita Reykjavíkur með opið hús í dælustöðinni við Dælustöðvarveg í Reykjaværvi.



tíð bæjar gana úst 2008



12:00 – 16:00 ÚTIMARKAÐUR MOSSKÓGA Í MOSFELLSDAL

Grænmeti frá Mosskógum, silungur frá Heiðarbæ, rósir frá Dalsgarði o.fl. o.fl.

12:00 – 16:00 ÁLAFAROSSKIVOS

Útimarkaður Varmársamtakanna: Lífrænar vörur, harðfiskur, silungur, rósir, söl, kompuðót, handverk ofl. Gómsætar veitingar og skemmtiatriði.

14:00 LEIKSÝNING

Starfsmenn handverkstæðisins Ásgarði sýna: "Ísland ögrum skorið."

16:30 ROKKTÓNLEIKAR Í ÁLAFAROSSKIVOS

Félagsmiðstöðin Bólið efnir til tónleika með ungum rokkhljómsveitum. Fram koma hljómsveitirnar Furry Strangers, The Nellies, Sleeps like an angry bear ofl.

14:00 BÓKASAFN MOSFELLSBÆJAR

Kammerkór Mosfellsbæjar með opna æfingu. Stjórnandi Símon H. Jónsson.

16:00 BÆJARLEIKHÚSIÐ

Leiksýning hjá Leikfélagi Mosfellssveitar: „Ýkt kominn yfir þig.“

Götugrill

Íbúar Mosfellsbæjar halda götugrill í vel skreyttum götum bæjarins.

13:00 – 17:00 ÍÞRÓTTAHÚSIÐ AÐ VARMÁ

Meira en 50 fyrirtæki, stofnanir, klúbbar, félagasamtök og einstaklingar kynna starfsemi sína að þessu sinni.

Dagskrá á hátíðarsviði:

13:00 Fimleikasýning og karatesýning

15:00 Tónlistardagskrá: Kirkjukór Lágafellssóknar, Reykjalundarkórinn, Vorboðarnir, Karlakór Kjalnesinga, Álafosskórinn, Mosfellskórinn og Karlakórinn Stefnir. Samsöngur kóranna við undirleik Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar.

Fornbílar í Mosfellsbæ. Allir sem eiga fornbíla í Mosfellsbæ eru hvattir til að koma með fáka sína að Varmá og sýna gripina.

13:00 HLÍÐARVÖLUR

Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ þar sem bestu unglingar landsins í golfi reyna með sér í skemmtilegri keppni. Áhorfendur velkomnir.

13:00 – 17:00 „BORHOLA 13“

Mosfellsbær er uppspretta heita vatnsins! Orkuveita Reykjavíkur með opið hús í dælustöðinni við Dælustöðvarveg í Reykjavhverfi.

16:00 GLJÚFRASTEINN

Sunnudagstónleikar með Gunnari Kvaran, cellóleikara.



Tónleikarnir á laugardagskvöld eru í boði Mosfellsbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur.



20:30 – 22:30 STÓRTÓNLEIKAR Á TORGINU VIÐ KJARNA

Simmi og Auddi - Hreindís og Þórunn - Hljómsveitin Buff - Raggi Bjarna - Ingó - Sigga Beinteins og Bryndís Ásmunds með Tina Turner og Gunni og Felix.

Útnefningar á litasamkeppninni: Best skreytti bæjarhlutinn - frumlegasta skreytingin - fallegasta hússkreytingin - fjölmennasta þátttaka í skrudgöngu.

Í lokin verður Björgunarsveitin Kyndill með ljósasýningu.

20.00 BÓKASAFN MOSFELLSBÆJAR Í KJARNA:

Tónlistardagskrá: "Hve örstutt spor." Flutt verða lög eftir Hörð Torfa, Gunna Þórðar, Jón Ásgeirsson, Bergþóru Árna ofl. Allt við ljóð Halldórs Laxness. Flytjendur eru: Agnes Þorkelsdóttir Wilde, Elvar Þór Elvsson, Gísli Ársæll Snorrason, Hreindís Ylva Garðarsdóttir, Jóhann Axel, Kristel Eiríksdóttir, Malen Eiríksdóttir, María Ólafsdóttir, Óskar Björn Bjarnason, Petra Pétursdóttir, Sigrún Harðardóttir, Sigrún Jónatansdóttir, Sigurður Ingi Einarsson, Yngvi Rafn Garðarsson, The Nellies. Hljómsveitarstjóri er Jóhann Axel (JAZZER).

SUNNUDAGUR 31. ÁGÚST

ÍÞRÓTTAHÚSIÐ AÐ VARMÁ

10:00-12:00 Nathashia með breik-kennslu og sýningu.

12:00 Hreysti-ratleikur fyrir alla fjölskylduna

13:00 Kynning á Rope Yoga.

13:00 – 14:00 Opinn salur hjá Eldingu. Leiðsögn, blóðþrýstingsmæling og næringarráðgjöf.

14:00 Kynning á ketilbjöllum.

15:00 "5-K pump and run" og 2km skemmtiskokk.

11:00 LÁGAFELLSKIRKJA

Messa helguð bæjarhátíðinni. Prestur sr. Ragnheiður Jónsdóttir.

Goða skemmtun!

Daði Þór Einarsson er hugmyndasmiðurinn að bæjarhátíð Mosfellsbæjar sem nú er haldin í fjórða sinn.

Í túninu heima

Það var sérstakur gleiðidagur í lífi Einarssonar garðyrkjumanns og Guðbjargar Sigríðar Kristjónsdóttur húsmóður þann 7. september árið 1958 er þeim fæddist sonur á Fæðingardeild Landsspítalans, honum var gefið nafnið Daði Þór.

Eldri systkinin þau Kristján og Bryndís voru afar stolt af litla bróður er þau tóku á móti honum út á hlaði við Reykjadal í Mosfellsdal. Pétur, sá yngsti í systkinahópnum, fæddist níu árum seinna.

Notalegt að vera dalbúi

„Það var alveg yndislegt að alast upp í Mosfellsdalnum. Fyrstu sex árin bjó ég í Reykjadal en foreldrar mínir ráku þar garðyrkjustöð“, segir Daði Þór er ég ræddi við hann um uppvaxtarárin.

„Ég man þegar við krakkarnir í dalnum vorum á leið í skólann, þá var safnast saman í skúrnum í Dalsgarði og þegar við sáum að skólarútan lagði af stað frá Hraðastöðum var hlaupið í loftköstum út á afleggjara og í veg fyrir hana. Þessu fylgdi mikil spennan því bílstjórinn stoppaði að sjálfsgöðu ekki ef við náðum ekki í tæka tíð.“

Alltaf verið félagsvera

„Ég hef alltaf verið félagsvera og átti það oft til að heimsækja fólk bara að gamni mínu. Ófáar ferðirnar fór maður að Æsustöðum því húsfrúin þar á bæ bjó til heimsins bestu karamellur sem hún gaukaði að okkur krökkunum. Einnig var yndislegt að koma til Kristins og Halldóru á Mosfelli, ég held að öll börn í dalnum hafi verið heimagangar á því heimili. Eftir að foreldrar mínir hættu með garðyrkjustöðina þá fluttum við að Varmalandi og hjuggum þar í tvö ár, síðan lá leiðin í Markholtið en þar byggðum við okkur hús. Faðir minn starfaði þá sem húsvörður hjá Mosfellshreppi.“

Byrjaði í lúðrasveit

„Einn góðan veðurdag í september árið 1968 sat ég í tröppunum við heimavistina. Pabbi kom til mín og



MOSFELLINGURINN

spurði mig hvort mig myndi ekki langi að byrja í lúðrasveit. Ég var alveg til í það þó ég hefði ekki hugmynd um hverju ég væri að jata. Á fyrstu æfingunni minni var hópur drengja saman kominn í kjallaranum í Varmárskóla. Þegar dyrnar inn í salinn voru opnaðar þustu allir inn og völdu sér eitthvað hljóðfæri kannski án þess að hafa þekkingu á þeim. Ég lenti á tenor og þar með var ekki aftur núðið.

Starfið í Skólahljómsveit Mosfellsahrepps eins og hljómsveitin hét þá var mjög kröftugt og skemmtilegt. Við strákarnir og Guðbjörg Magnúsdóttir sem var eina stelpa í hljómsveitinni höfðum lítið annað fyrir stafni á þessum tíma en að spila í hljómsveitinni og vera í fótbolta.“

Úr blikksmíði í Tónlistarskólann

„Að loknu gagnfræðaprófi lá leið mín í Iðnskólann í Reykjavík í blikksmíðanám. Ég lauk sveinsprófi í þeirri grein en hef nánast ekkert starfað að við iðnina síðan. Einn góðan veðurdag bankaði Birgir D. Sveinsson, stjórnandi Skólahljómsveitar Mosfellsahrepps, á dyrnar hjá mér. Hann hafði meðferðis umsóknareyðublað og hvatti mig til að sækja um í Tónlistarskólanum í Reykjavík sem ég og gerði. Ég útskrifaðist þaðan með

kennarapróf sem blásarakennari árið 1982.“

Fluttum til Danmerkur

„Á þessum tíma hafði ég kvænt Sigríði Björnsdóttur og frumburður okkar Bjartmar sem fæddur er árið 1981 komin til sögunnar“, segir Daði stoltur á svip.

„Við fluttum til Stykkishólms þar sem ég starfaði sem skólastjóri Tónlistarskólans þar í bæ. Þar fæddust okkur tvö börn til viðbótar þau Kristjón fæddur 1985 og Birna fædd 1992. Seinna fluttum við fjölskyldan til Danmerkur þar sem mér bauðst kennarastaða hjá Skjern Musikskole. Eftir árs dvöl þar fluttum við aftur heim og við hjónin slitum samvistir. Ég og sonur minn Kristjón héldum þá aftur út til Danmerkur og ílengdumst þar í fjögur ár.“

Draumurinn er góð aðstaða

„Árið 2004 hafði Birgir D. Sveinsson aftur samband við mig og vildi að ég tæki við stjórn Skólahljómsveitarinnar. Birgir vildi draga saman seglin enda búinn að standa vaktina með sóma. Ég tók við tónsprotanum og hefur starfið með hljómsveitinni verið afar skemmtilegt og gefandi. Allt frá því ég hóf að spila á lúður hefur lúðrasveitastarf verið mitt að-

al áhugamál og síðan atvinna. Það er alveg frábært að geta sameinað þessa tvo þætti og í ár eru fjórtíu ár síðan ég byrjaði að spila.

Skólahljómsveitin er að hefja sitt fertugasta og fimmta starfsár og er eitt af elstu félagsamtökum í Mosfellsbæ. Draumur minn er sá að hljómsveitin fái viðunandi aðstöðu í skólum bæjarins en uppá hana hefur vantað undanfarin ár.“

Yndi af ferðalögum

„Sambýliskona mín er Elín Íris Jónasdóttir og saman eigum við mörg skemmtileg áhugamál. Við höfum bæði gaman af ferðalögum, tónlist og söng og erum félagar í Reykjalundarkórnum. Einnig er hestamennskan að koma sterk inn í lífsflórana hjá okkur núna. Elín á þrjú börn frá fyrra hjónabandi, þau Eypór Elmar, Guðrúnu Ósk og Elísabetu Eir og eitt barnabarn Þórólfr Huga.“

Allir leggjast á eitt

Nú ert þú hugmyndasmiðurinn ef bæjarhátíðinni „Í túninu heima“, hvernig kom hún til ?

„Ég fékk þessa hugdettu einn góðan veðurdag árið 2005 og gerði drög að henni. Ég fór síðan á fund Ragnheiðar Ríkharðsdóttur sem var bæjarstjóri á þeim tíma og sýndi henni hugverk mitt sem henni leist mjög vel á. Hún sagði við mig að leggja af stað með þetta verkefni sem ég og gerði og í ár er hátíðin haldin í fjórða sinn“, segir Daði Þór

En hvaðan kemur nafnið? „Nafnið kemur frá Halldóri Laxness. Í túninu heima er fyrsta minningarskáldsaga Halldórs af fjórum og fjallar um líf hans fyrstu tólf árin.“

Hvernig gengur undirbúningurinn fyrir hátíðina í ár? „Undirbúningurinn er í fullum gangi og gengur vel. Við skipulagningu hátíðarinnar verður lögð áhersla á að skemmtileg innanbæjarstemmning ríki á hátíðinni okkar og að sem flestir bæjarbúar séu þátttakendur.“

„Liður í því hefur verið að virkja sem flesta listamenn, einstaklinga og félög í Mosfellsbæ og búa til dagskrá sem endurspeglar sveit í borg sem er okkar aðalsmerki.

Það er gaman að sjá hvað bæjarbúar leggjast á eitt til að gera hátíðina eftirminnilega og skemmtilega, dæmi um það eru skreytingar í mismunandi litum eftir hverfum.“

Hvenær hefst hátíðin? „Hátíðin byrjar 29. ágúst og ég vona svo sannarlega að allir Mosfellingar mæti“, segir Daði Þór brosandí og á mikinn heiður skilin fyrir sitt frábæra framtak að þessari hátíð.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni



Elín og Daði Þór á góðviðrisdegi í Skálholti í vor.



Börn Daða þau Birna, Kristjón og Bjartmar.



Myndir teknar með 20 ára millibili, 1960 og 1980.

Fallegir munir til heimilisins og náttúruleg krem sem næra húðina.

Höfum sameinast undir sama þaki og veitum þér góða þjónustu.

VERIÐ VELKOMIN
VIRKA DAGA 17-19
LAUGARDAGA 11-16

Skinhope.is og Lífsstíll
Háholti 14
(handan við Póstinn)



SkinHope.is

LífsStíll
Verslun og showroom



Bossa-Blossar héldu styrktargolfmót í sumar

Ljóshraðinn styrktur

Bossa-Blossar eru félagsskapur drengja sem unnu 4. deildina í knattspyrnu 1986. Lárus Jónsson eða Lalli Ljóshraði er úr þeim félagsskap. Félagar hans héldu styrktarmót á dögunum og söfnuðust um 500.000 kr. Lalli er með MS sjúkdóminn og er stefnt að því að gera þetta að árlegum viðburði. Bossa-Blossar vilja koma á framfæri þakklæti til þeirra fjölmörgu sem mættu og lögðu hönd á plóg, þ.á m. Golfklúbbsins Kjalar.



Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrógang.



JARÐMÓTUN EHF

Flugumýri 184, 270 Mosfellsbæ 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkomnustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

ÞAÐ
SEM
TIL
ÞARF



VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

ÁGÆTI HUNDEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, (sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur)

4.gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



Bjarki rekinn

Bjarki Sigurðsson hefur verið leystur undan störfum sem þjálfari meistarflokks Aftureldingar í handknattleik. Að sögn Bjarka kemur uppsögnin verulega á óvart, sérstaklega á þessum tímamarki. „Tímabilið í fyrra var strembið og ég gerði stjórninni grein fyrir því að styrkja þyrfti leikmannahópinn ef við ættum að halda okkur uppi í deildinni“. Óvíst er um framtíð Örn Inga Bjarkasonar.

Karl Erlingsson tekur við starfinu en hann hefur áður komið við sögu hjá Aftureldingu. „Það var kominn tími á breytingar og það er mikill hugur í strákunum fyrir komandi tímabil“, segir Elín Reynisdóttir nýr formaður handknattleiksdeildar.



Stelpur í sjálfsvörn

Á haustönn mun World Class bjóða upp á sjálfsvarnarnámsskeið fyrir stúlkur fæddar '93-'96. Lögð er áhersla á að styrkja stúlkurnar og kenna þeim að bregðast við með réttum hætti ef á þær yrði ráðist. Námskeiðin verða á mánudaga og miðvikudaga og hefjast þann 8. september. Tímarnir verða í höndum Dieudonne Gerritsen, sem er mjög reyndur sjálfsvarnarkennari. Umsjón með námskeiðunum hefur Sigrún Björg Ingvadóttir sem er sjúkraliði og einkaþjálfari og er hægt að nálgast upplýsingar hjá henni í síma 892-8633. Ekki er vitað til þess að slíkt námskeið hafi verið sett upp áður hérlandis.



Ungir og efnilegir knattspyrnudrengir

Kátir á Króksmóti

Blaðamaður leit við á æfingu hjá 7. flokki drengja í knattspyrnu á dögnum. Drengirnir hafa verið duglegir að æfa í sumar og hafa nýlengi móti á Sauðarkróki. Tvö lið komu heim með bikar og allir drengirnir fengu flottustu verðlaun mótsins „háttvísisverðlaunin“. Framundan er svo Álfthanessmótið sem hefst n.k. laugardag, 23. ágúst. Á myndinni má sjá strákana með þjálfurum sínum.

Meistaraflokkarnir í fótbolta á góðu róli Sígur á seinni hlutann

Nú er orðið ljóst að stelpurnar ná að halda sæti sínu í Landsbankadeild kvenna. Frábær árangur hjá stelpunum sem eru að spila í fyrsta skipti í efstu deild. Strákarnir eru í 2. sæti í 2. deild þegar 5 umferðir eru eftir.

Takmarkið er að komast upp í 1. deild og ljóst að baráttan verður hörð allt til enda. Næsti heimaleikur er laugardaginn 30. ágúst kl. 14 og eru Mosfellingar hvattir til að mæta og styðja strákana.



Frábær árangur Harðar á Landsmóti Komu, sáu og sigruðu

Hestamannafélagið Hörður stóð sig frábærlega á Landsmótinu á Hellu og þá sérstaklega í yngri flokkunum. Keppt var í þremur flokkum í yngri flokkunum, barna-, unglinga- og ungmennaflokkum og varð Hörður í 1. sæti í unglinga- og ungmennaflokkum. Meira en helmingur hestanna frá Herði lentu í 30 manna úrslitum. Arnar Logi Lúthersson og Frami frá Víðidalstungu II gerðu sér lítið fyrir og sigruðu í A-úrslitum í unglingaflokkum með einkunnina 8,80. Í eldri flokkunum stóðum við okkur einnig prýðilega en Halldór Guðjónsson (Íþróttamaður Mosfellsbæjar) varð í þriðja sæti í A-úrslitum í tölta á Náttúrafni frá Dallandi með einkunnina 8,44 og Jóhann Þór Jóhannesson (Tóti í Dalsgarði) varð í þriðja sæti í 250 metra skeiði á tímanum 24,32. Aðrir félagar í Herði voru einnig til mikils sóma á mótinu.



5. flokkur kvenna van í keppni A-liða Sigrðu Síamótið

Síamótið er hið stærsta sem haldið er í knattspyrnu ungra stúlkna hér á landi ár hvert. Á mótið mæta öll bestu liðin og að vinna keppni A-liða er því mikið afrek. A-lið 5. flokks kvenna vann Breiðablik 3:1 í úrslitaleik en liðið fór á kostum og sigraði alla sína leiki á mótinu. B og C-liðin léku einnig góða knattspyrnu og það er greinilegt að Snorri Helgason þjálfari er að gera góða hluti með stelpurnar okkar.

5. flokkur stóð sig vel á N1 mótinu Háttvísisverðlaun

Drengirnir í 5. flokki stóðu sig með prýði og hlutu háttvísisverðlaunin á N1 mótinu á Akureyri, þetta er hluti af hópnum ásamt Jóa þjálfara. C-liðið náði glæsilegum árangri og hafnaði í 5. sæti af 28 liðum.


Alls sendi Afturelding 36 pílta til leiks, auk einnar stúlku.



Kristján og Árni Már eru Mosfellingar Strákarnir okkar



Kristján Þór Einarsson, Íslandsmeistari í höggleik 2008.




Árni Már Arnason sló Íslandsmet á Ölympíuleikunum í Peking



Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá JAKO

NAMO ehf.
Guðríðarstígur 6-8
113 Reykjavík



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is



Pemavika í frístundaheimilinu á Kjalarnesi Vatnsvika á Kátakoti

Krakkarnir í frístundaheimilinu Kátakoti á Kjalarnesi fengu heimsókn í pemaviku um vatnið. Þá kom dælubíll slökkviliðsins á Kjalarnesi á staðinn og þau fengu fræðslu um bílinn og prófuðu að sprauta úr slöngum á fótboltavöllinn, sem hvort eð er þurfti að vökva. Bíllinn er að verða 30 ára gamall, sá elsti sem er í notkun á höfuðborgarsvæðinu og getur dælt 4000 lítrum á mínútu. Í vatnsvikunni var auk þess farið í sund og sulað í vatni úti og inni og margt fleira.



Undirskrift. F.v. sitjandi Magnús Guðmundsson sagnfræðingur, Jón Pálsson formaður Aftureldingar, Bjarki Bjarnason rithöfundur, aftari röð Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri UMFA og Elísabet Guðmundsdóttir formaður afmælisnefndar.

Ritun hafin í tilefni 100 ára afmælis Aldarsaga Aftureldingar

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson hafa skrifað undir samning um ritun aldarsögu Ungmennafélagsins Aftureldingar. Fyrirhugað er að bókinni komi út í kringum 100 ára afmæli Aftureldingar þann 11. apríl 2009. Skipuð hefur verið ritnefnd og er Gylfi Guðjónsson formaður hennar.

Sögunefnd Aftureldingar óskar eftir því við Mosfellinga og aðra velunnara félagsins að fá að láni ljósmyndir, gerðabækur eða muni sem kunna að vera í förum eldri félagsmanna. Fyrirhugað er að bókinni verði ríkulega myndskreytt og hefur

Hlynur Guðmundsson frjálssípróttapjálfi (frjalsar@afturelding.is, s. 6993456/5668463) tekið að sér að safna ljósmyndum og skanna fyrir útgáfunni.

Fólk sem lumar á skemmtilegum sögum úr starfi félagsins eða þekkir góða heimildarmenn getur komið upplýsingum á framfæri á netfangi félagsins umfa@afturelding.is eða beint við söguritarar, bjabja@ismennt.is og magnusg@hi.is.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar geymir eldri skjöl félagsins sem eru mjög mikilvæg fyrir þessa sögu.

Mosverjar á Akureyri Á landsmóti skáta



Ævar Aðalsteinsson
félagsforingir skrifar:

Skátafélagið Mosverjar hefur haldið uppi kraftmiklu starfi að undanförmu og sl. vetur var öflugt starf í skátaheimilinu við Varmá. Skátastarfið byggist eins og áður á vikulegum fundum auk þess sem farið er í dagsferðir og útilegur. Í sumar hefur einnig verið starfræktur Útilífsskóli Mosverja fyrir 7-14 ára börn. Stærsti viðburður sumarsins var landsmót skáta sem haldið var 22.-29. júlí að Hömrum við Akureyri. Þangað fóru sem skráðir þátttakendur 42 Mosverjar auk þess sem fjöldi foreldra og systkina kom með.

Heiðruðu Þórð Skeggja

Pema mótsins var víkingaöldin og byggðist dagskráin upp á skemmtilegum verkefnum og atburðum sem tengdust þessu tímabili í Íslandssögunni. Mosfellingar ákváðu að heiðra sérstaklega fyrsta Mosfellinginn, Þórð Skeggja, og reistu honum stytta allmikla og svakalega sem höfð var á miðju tjaldsvæði Mosverja. Þess utan voru einkenni Mosverja á mótinu alskegg, sem minnti á



Þórð blessaðan og sólgleraugu til að verjast brennandi landsmótssólinni!

Um 5000 manns voru á landsmótinu bæði innlendir og erlendir skátar. Á meðan á mótinu stendur eru ýmsar „keppnir“ í gangi. Það er keppt í ákveðnum dagskráratrúðum og einnig er keppt í tjaldbúðaskipulagi og umgengni. Mosverjar unnu bæði til dagskrárverðlauna og tjaldbúðaverðlauna og voru því vel kátir þegar haldið var heim á leið eftir góða viku.

Skátastarfið byrjar í lok ágúst með kynningu á starfinu og innritun nýliða. Kynningin fer fram á bæjarhátíðinni „Í túninu heima“ og með kynningarfundum í grunnskólum Mosfellsbæjar.

Skátastarfið hefur verið í góðri sókn. Það hefur tekist m.a. með góðum stuðningi foreldra og bæjar-yfirvalda sem hafa skilning á því að það verði að vera margir valkostir í tómsundastarfi barna og unglunga í ört stækkandi bæjarfélagi.

Dúettinn **HLJÓMUR** spilar í þessum frá **Álafossbúðinni**



ÁLAFOSS-FÖT BEZT
GÚSTI OG HILMAR LEIDA BREKKUSÖNG Í ULLARNESBREKKUM FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 29. ÁGÚST

Eigendaskipti á Mosfellingi

Nú síðsumars urðu eigendaskipti á bæjarblaðinu Mosfellingi þegar Hilmar Gunnarsson ritstjóri þess s.l. þrjú ár tók alfarið við rekstri þess og stjórn. Karl Tómasson stofnandi Mosfellings segist ganga sáttur frá borði og vart geta hugsað sér betri eftirmann. „Mosfellingur var og er vissulega eins og barnið mitt en það er nú bara þannig að stjórnandi þess hverju sinni sér um að viðhalda reisu þess og virðingu. Hilmar er mikill fagmaður og það hefur hann sýnt Mosfellingum örugglega undanfarin ár með sérstaklega skemmtilegu og vel unnu bæjarblaði. Ég treysti honum fullkomlega til að halda áfram á sömu braut. Satt að segja held ég að leitun sé að eins skemmtilegu bæjarblaði“, segir Karl Tómasson.



Mosfellskórinn óskar eftir fólki

Mosfellskórinn óska eftir nýjum meðlimum í kórinn. Stjórnandi er Páll Helgason. Kórinn er þekktur fyrir skemmtilegan og poppaðan flutning. Kórinn gerir margt saman yfir veturinn og farið er í eina útilegu að sumri. Við bjóðum nýja félaga velkomna í frábæran félagskap. Æfingar eru einu sinni í viku á miðvikudagskvöldum kl. 20-22.30 Áhugasamir hafi samband við kórstjóra í s. 8960415.

MOSFELLINGUR
KEMUR NÆST ÚT
12. SEPTEMBER

Aðsendar greinar

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfundi.

MOSFELLINGUR

Fimleikar eru bæði íþróttir og list

Í fimleikum sameinast íþróttir og listir eins og nýafstaðnir Ólympíuleikar sýndu. Slíkt sjónarspil sést aðeins á fjögurra ára fresti.

Markmið stjórnar fimleikadeildar Mosfellsbæjar er þó ekki að koma börnunum okkar á Ólympíuleika í fimleikum heldur að byggja upp sterka æsku í þessu frábæra bæjarfélagi sem við búum í. Af þeim 7.000 börnum sem stunda fimleika á Íslandi er einungis lítið brot þeirra sem keppa. Keppendur verða oft fyrirmyndir og draga fleiri börn að íþróttinni.

Oft hefur verið sagt að fimleikar séu bestí alhlíða grunnurinn fyrir aðrar íþróttir. Nú þegar skráning er að hefjast er mikilvægt að velja vel íþróttir barnanna og úr fimleikum eru allir vegir færir.



Eitt af stefnumálum fimleikadeildarinnar er að leggja áherslu á fimleika fyrir alla, stóra og smáa, unga og gamla. Við bjóðum líka upp á ástundun íþróttar án keppni.

Í vetur verður lögð áhersla á að styrkja grunnþjálfun hjá börnunum og grunnur fyrir fimleikaþjálfun verður lagður í leikskólahópunum. Deildin hefur auk þess verið í samstarfi við Eldingu með styrktarþjálfun fyrir keppnisbörnin með góðum árangri. Einnig hefur verið ráðinn þrautreyndur þjálfari sem aðstoðað getur yngri þjálfara með grunnþjálfun yngri barna auk þess að þjálfa æ fleiri hópa keppnisbarna.

Eitt það mikilvægasta í uppeldi barna eru íþróttir og að mínu mati eitt af því sem gefur lífinu gildi á hvaða aldri sem er. Ég trúi því að Mosfellsbær ætli sér að verða

fyrirmynd annarra bæjarfélaga í lýðheilsu með svo kröftugt og áhugasamt fólk sem lætur sig íþróttamál bæjarins varða.

En í allri gleðinni yfir fallettri íþrótt og list þarf að bæta aðstöðumál Aftureldingar, allar deildir eru sprungnar. Við í fimleikadeildinni treystum okkur til þess að reka stærri fimleikadeild í stækkanði bæjarfélagi og höfum metnað til þess. Ég lýsi þó eftir úrræðum í aðstöðumálum okkar áður en 100 ára afmælisárið rennur upp.

Ég legg til að tekin verði skóflustunga að fimleikahúsi í Mosfellsbæ til þess að ýta undir þann frábæra árangur sem svo ung deild hefur náð.

Eva Magnúsdóttir,
formaður fimleikadeildar Aftureldingar

Aðgengi fyrir alla?

Ástæða þess að ég ákvað að skrifa þetta er sú að sonur minn er að byrja í leikskóladeild Lágafellsskóla og í þessum flotta nýja skóla er í raun ekki gert ráð fyrir barni í hans aðstöðu.

Það á nú að vera þannig (eftir því sem ég best veit) að grunnskólar landsins eiga að vera fyrir alla, óháð hreyfigetu og fagna á margbreytileika barnanna okkar. Starfsfólk og stjórnendur gera sitt besta til að koma til móts við börnin, hvaða aðstoð sem þau þurfa og eru tilbúin til að gera allt sem þau geta til að börnin fái að njóta sín.

Það sem ég skil ekki er afhverju eru nýir glæsilegir skólar ekki hannaðir með þarfir hreyfihamlaðra í huga? AÐGENGI FYRIR ALLA ætti að vera haft að leiðarljósi svo afhverju er ekki lyfta í þessari glæsilegu nýbyggingu nema á einum stað í húsinu? Hvað með yngstu börnin? Þann enda er nýbúið að taka í notkun og engin lyfta er þar til staðar.

Allt í lagi það er þó lyfta í húsinu en fyrir 5-7 ára gamalt barn sem gert

er ráð fyrir að eyði mestum tíma sínum á öllum hæðum í sínum enda hússins er þetta þó nokkuð löng leið þegar það horfir á bekkjarfélagana hlaupa upp og niður tröppurnar en þarf sjálft að fara í göngutúr með aðstoðarmanneskju til að komast á milli hæða, sérstaklega upp þar sem margar tröppur eru. Sé barnið svo heppið að geta sjálft gengið upp tröppur, hvað með tækin og tólin sem barnið þarf til að vera sjálfstætt? Aðstoðarfólk þarf að koma þeim á milli hæða.

Ef gert hefði verið ráð fyrir hreyfihömluðum börnum frá upphafi væri þetta ekkert vandamál. Þá þyrfti ekki að vera að reyna að koma lyftu fyrir í stiganum núna, þar sem hún tekur mikið pláss og er í raun fyrir, sérstaklega á leiðinni upp, þar sem sá stigi er þröngur.

Eins verð ég að setja aðeins út á útsvæðið, öll þessi mól er ekki til að auðvelda barni í hjólastól lífið, hvað þá pollurinn sem myndast í einu horni leiksvæðisins. Svo dreifist mól yfir allar hellurnar á leiðinni að inn-

göngunum hjá yngsta stiginu, hvort sem um leikskóladeild, kennslustofur eða skólasel er að ræða. Ég skil ekki afhverju það er ekki gengið frá þessum atriðum strax. Að sjálfsögðu er þetta spurning um peninga en ég hefði haldið að það væri síst ódýrara að gera þessa hluti eftir á.

Foreldrar hreyfihamlaðra barna hafa um nóg annað að hugsa þó svo að hönnun skólamannvirkja bætist ekki við. Hvar er framsýnin hjá arkitektunum og bæjarstjórninni? Það má fastlega gera ráð fyrir því að fleiri hreyfihömluð börn komi til með að búa í þessu ört vaxandi bæjarfélagi og því finnst mér að það eigi að hugsa um þessa hluti frá byrjun, eða við hönnun þessara mannvirkja. Það er mun auðveldara en að bjarga hlutum eftirá. Þá þurfa foreldrarnir ekki að hafa áhyggjur af því hvernig barnið þeirra á að komast um skólann sinn.


Jóhanna H. Guðmundsdóttir

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI


Steinteppi
& epoxy
gólfefni



ARININN



ELDHÚSÍÐ



VINNUSTAÐURINN



SteinTeppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is

Við þurfum að gera enn betur!

Mosfellsbær greiðir lægstu styrkina vegna frístunda barna á höfuðborgarsvæðinu.

Greiðslur sveitarfélaga vegna frístundaíðkunar barna hefur verið nokkuð í umræðunni. Við samanburð á styrkjum til fjölskyldna barna 6-18 ára vegna íþróttaiðkunar kemur Mosfellsbær afar óhagstætt út.

(Sjá samanburðartöflu)



m.a. fram að efnuminni for-eldrar nota frístundastyrki síður en hinir efnameiri og ræður þar sennilega mestu að ekki hafi allir efni á að greiða það sem vantar uppá þegar styrkurinn er fullnýttur.

Ástæða er til að ætla að þessu sé svipað farið í Mosfellsbæ. Samkvæmt upplýsingum mínum er hlutfall þeirra sem nota styrkinn til tölulega hátt í Mosfellsbæ en markmiðið með greiðslunum var einmitt að jafna tækifæri til frístundastarfsemi óháð efnahag og félagslegra þátta og því má segja að nokkuð vel hafi til tekist hvað það varðar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti tillögu íþrótt- og tómstundanevndar


Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti þann 18. júní sl. tillögu íþrótt- og tómstundanevndar um að greiðslur vegna frístundaávisunnar verði kr. 18.000,- fyrir árið 2008-9 en það er 3000 kr. hærri upphæð en fyrir árið 2007-2008. Greiðslur þessar eru fyrir öll börn í Mosfellsbæ á aldrinum 6-18 ára og hafa aldursmörk verið rýmkuð. Til samanburðar má nefna að Reykjavíkurborg greiðir 25 þúsund krónur fyrir árið 2008 og 40 þúsund krónur fyrir árið 2009 eða 7-22 þúsund krónum meira en Mosfellsbær eftir því við hvort ár- ið er miðað.

Aðeins Reykjavík og Mosfellsbær búnir að samþykka upphæðina fyrir árið 2009

Ef borin er saman styrkupp- hæð Mosfellsbæjar við styrkupp- hæðir nágrannasveitarfélaganna þá er ljóst að Mosfellsbær þarf að gera betur. Samkvæmt fyrir- liggjandi upplýsingum hafa aðeins Reykjavík og Mosfellsbær samþykkt upphæð fyrir árið 2009 en upphæð annarra sveitarfélaga miðast við árið 2008. Í ljósi verðlagsþróunar má búast við að Garðabær, Seltjarnarnes, Kópavogur og Hafnarfjörður eiga eftir að hækka upphæð frístundastyrksins. Það er því augljóst að sé miðað við þessar upplýsingar þá getur Mosfellsbær varla talist fjölskylduvænt bæjar- félag þegar litið er til styrkja vegna frístundaíðkunar.

Efnaminni foreldrar nota síður frístundastyrki

Í skýrslu sem Íþróttabandalag Reykjavíkur hefur látið gera kemur



Mjög mikilvægt er að stuðla að sem allra mestum jöfnuði meðal barna og ungmenna þegar litið er til frístundaíðkunar og því er afar mikilvægt að bæjarstjórn Mosfellsbæjar hækki styrkina rausnarlega við gerð fjárhagsáætlunar 2009.

Margt smátt gerir eitt stórt

Í nýlegri grein minni um heimgreiðslur, „Er Mosfellsbær fjölskylduvænt bæjarfélag?“, sýndi ég fram á að það gat munað allt að 25 þúsund á mánuði eða 275 þúsund á ári eftir því hvort fjölskyldan bjó í Mosfellsbæ eða á Álftanesi. Það var sammerkt með þeirri grein og þessari að greiðslur til barnafjölskyldna voru lægstar í Mosfellsbæ.

Við þetta getum við ekki unað. Það mikilvægt að stjórnendur bæjarfélagsins sýni þá ábyrgð að barnafólk í Mosfellsbæ búi ekki við lakari kjör en gengur og gerist í nágrannasveitarfélögunum þó alltaf geti verið um einhvern áherslumun að ræða.

Byggjum upp betri bæ, fjölskylduvænna bæ!

Marteinn Magnússon
bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins

www.mos.is



MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Jafnréttisviðurkenning Mosfellsbæjar árið 2008

ÓSK UM TILNEFNINGU

Jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar gerir ráð fyrir því að árlega sé þeim einstaklingi, stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum í Mosfellsbæ sem hefur staðið sig best við vinnu að framgangi jafnréttisáætlunarinnar, veitt jafnréttisviðurkenning.

Með hliðsjón af fyrrgreindu er hér með óskað eftir tilnefningu um aðila sem til greina geta komið. Tilnefningin skal vera skrifleg. Þar skal koma fram lýsing á því jafnréttisstarfi/verkefni sem viðkomandi aðili hefur innt af hendi í bæjarfélaginu ásamt rökstuðningi fyrir tilnefningunni.

Tillögurnar berist í síðasta lagi 6. september 2008 til þjónustuværs Mosfellsbæjar Þverholti 2, merkt „Jafnréttisviðurkenning árið 2008“.

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar

Opið

allan sólarhringinn



Við erum við Esso stöðina
Háholti í Mosfellsbæ,
Reykjavíkurvegi Haf-
og í Bæjarlind Kóp.

- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! - Sími 544 4540

Álafoss óskar eftir starfsmanni við ræstingar. Vinnutími einu sinni í viku að kvöldi.



Við óskum einnig eftir starfsmanni í verslun okkar á Laugavegi Rvk. Vinnutími 9-18 út september. Okt-maí 11-18.

Nánari upplýsingar í síma 822-9104 (Arnar)



...að Guðný Halldórsdóttir, kvikmyndaleikstjóri verði útnefnd bæjarlistamaður Mosfellsbæjar.

...að Páll Guðjónsson, fyrrum bæjarstjóri, sé orðinn framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

...að Októ og Anna Hlíf hafi gift sig um síðustu helgi.

...að Simmi og Jói séu með þátt á Bylgjunni í boði Mosfellsbakarís.

...að Biggi Haralds úr Gildrunni hafi fagnað fimmtugsafmæli sínu um síðustu helgi.

...að Hilmar Stef og Kata eigi von á barni.

...að hótelið á Ásláki sé búið að fá nafnið Hótel Laxnes og verði opnað um næstu helgi.

...að ekki séu allir á eitt sáttir með nafngiftina úr herbúðum Laxness.

...að reynt hafi verið að safna undirskriftum og hvetja til prestkosninga en ekki hafi náðst nægur fjöldi. Skipað verður í embættið í næsta mánuði.

...að Númi fari kostum í myndbandi á YouTube þar sem hann flýgur á hausinn á Þjóðhátíð.

...að handboltaskytta Hrafn Ingvarsson sé genginn til liðs við Stjörnuna.

...að nýjustu starfsmenn Mosfellsbæjar séu báðir konur, heiti báðir Sigríður, fæddar '72 og séu þrígga barna mæður.

...að Sálín hans Jóns míns verði með ball í Hlégarði 6. september.

...að Brynjar og Lára eigi von á sér.

...að sá sem vann 65 milljónirnar síðasta laugardag, vann ekki bara í Lottóinu. Hann vann í mörg ár hjá Ísfugli og heitir Jakkapong.

...að dragkóngur Íslands, Skarphéðinn frá Fljótstungu, sé í raun ættaður úr Mosfellsbæ.

...að brotist hafi verið inn í Skálautnslaugina í vikunni. Þjófarnir skelltu sér í sturtu í leiðinni.

...að Finnur Yngvi hafi gift sig í ágúst.

...að "Hverjir voru hvar" síðan í Mosfellingi sé komin á myspace. www.myspace.com/hvh270

...að Leynihátíðin 2008 sé haldin um helgina.



Ásgeir Elíasson #277 sigraði unglingaflokkinn á mótnu á Sauðárkróki.

Einar Sig. og Valdimar valdir áfram í landsliðið MotoMos í góðum málum

Um síðustu helgi fór fram næst síðasta motocrossmót sumarsins. Motíð var haldið á Sauðárkróki og stóðu Mosfellingarnir í MotoMos sig vel að venju. Keppendur voru rúmlega 100 talsins og komu frá öllum landshlutum.

Í MX1 voru Einar Sv Sigurðsson #1 og Valdimar Þórðarson #270 í þriðja og fjórða sæti, í MX2 var Gunnlaugur Karlsson #111 í fyrsta sæti og Viktor Guðbergsson #84 í því þriðja, í unglingaflokki sigraði Ásgeir Elíasson #277, í 85cc flokki var Friðgeir Óli Guðnason #16 í þriðja sæti, þarna er einungis farið yfir efstu sæti en fleiri Mosfellingar voru að gera góða hluti þó svo að þeim tækist ekki að krækja í verðlaunasæti að þessu sinni.

Búið er að velja landslið á Motocross Of Nations (MXON) sem



verður haldið á Donington Park, Englandi, MXON eru nokkurskonar heimsleikar motocross-fólks, í liðinu 2008 verða tveir Mosfellingar eins og í fyrra, þeir Einar Sv Sigurðarson og Valdimar Þórðarson.

Næsta keppni verður í Bolaöldu á Sandskeiði þann 30.08 og munu þá úrslit ráðast í Íslandsmótnu.

Motocross-brautin í Tungumelum er opin öllum og nú er hægt að kaupa miða á N1 í Háholti.



Flumbri á ferð og flugi um bæinn

Það er í nógu að snúast hjá listaþópnum Flumbra um þessar mundir. Flumbri hefur starfað á vegum Mosfellsbæjar í sumar og er skipaður fjórum ungmennum búsettum í Mosfellsbæ, þeim Agnesi Wild, Agli Kaktusi Wild, Matthíasí Sigurðssyni og Sigrúnu Harðardóttur.

Hópurinn hefur tekið sér ýmislegt fyrir hendur undanfarnar vikur. Má þar nefna frumsamda barnasýningu sem var sýnd í Bæjarleikhúsinu fyrir alla leikskólanemendur bæjarins, skemmtidagskrá fyrir eldri borgara á Hlaðhömrum og ýmsar líflegar upptakur víðs vegar um bæinn. Einnig tók hópurinn virkan þátt í skemmtidagskránni á 17. júní þar sem Agnes og Sigrún voru kynnar í hlutverki álfanna Þorra og Þuru, auk þess að hópurinn sá um skemmtiatriði.

Núna vinnur hópurinn hörðum höndum við að æfa skemmtilega tónleikadagskrá til að flytja á bæjarhátíðinni í túninu heima, og einnig er nýtt leikverk, sem gerist á áttunda áratugnum, í smíðum. Sýningar verða auglýst- ar síðar.

Í eldhúsinu

Sumarbomba

HJÁ BRYNDÍSI

Bryndís Bjarnason nemi í menningarstjórnun gefur okkur uppskriftina að þessu sinni. „Þetta er gömul uppskrift sem ég hef svo breytt eftir mínum smekk. Upphaflega voru í honum makkarónukökur og líkjör. Það mætti einnig setja aðra ávexti eins og kivi og mangó, sumir setja líka kókosbollur sem gerir réttinn ekkert annað en gírnilegri.“

4 eggjahvítur
230 gr. sykur
1/2 tsk. lyftiduft
1 peli rjómi
300 gr. jarðarber
200 gr. bláber
vinber græn og rauð
200 gr. Nóa-kropp
100 gr. súðusúkkulaði

Byrjum á að baka litlar marengskökur með því að stíffeyta eggjahvítur og sykur og setja lyftiduft út í.

Setjið smjörpappír á plötuna og búið til litlar bollur úr eggjahvítunum með matskeið, bakað við 150° hita í ca. 25-30 mín. Þegar marengs-topparnir hafa kólnað er rjómi stíffeyttur, súkkulaði hitað í vatnsbaði og aðeins látið kólna, síðan hrærðar tvær msk. þeyttur rjómi út í súkkulaðið. Skerið jarðarber í tvennt eða fernt eftir stærð, vinber



skorin í tvennt og steinhreinsuð. Blandið síðan öllu í stóra skál og súkkulaði er dreift yfir. Einnig er gott að setja sigtaðan flórsykur yfir til að fá hátíðarblæ yfir réttinn.

Gleðilegt sumar






NÝR OPNUNARTÍMI

sun.-fim. 11-23
föstud. 11-01
laugard. 11-03

Háholt 14
Sími: 5868040,
566 6667



Boltinn í beinni
Tveir leikir í einu



Pizza-pizza tilboð

Þú sækir pizzu og hvítlauksbrauð
eða stóran skammt af brauð-
stöngum og færð aðra fría með.

HAPPY HOUR
KL. 22-23

LAUGARDAGSKVÖLDIÐ

30. ÁGÚST Í TÚNINU HEIMA

FRÍTT INN - HAPPY HOUR KL. 22-23

Dúettinn

HLJÓMUR spilar frá
kl. 24-03

FRÍTT INN



Allar sóttar pizzur
með **30% afslætti**

Gildir ekki með öðrum tilboðum

ÞÚ SÆKIR

Tvær fyrir eina Þú kaupir tvær pizzur af sömu gerð, með
eins mörgum áleggstegundum og þú vilt. Þú greiðir fyrir
dýrari pizzuna en ekkert fyrir hina. Tilboðið gildir ef pizzan
er sótt og keypt er með henni eitt af þessu:

- Brauðstangir, stór skammtur með sósu
- Tveir lítrar af Coke, Diet Coke, Sprite, Fanta eða Fresca



Þverholti 2, Kjarna
Sími: 55-44444

SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvað stóð uppúr
í sumar?



ANNA OG ERNA:
Fórum til Turkey.



GUNNI: Sumarfríð var gott.
Er að leita mér að kærustu.



RÓBERT:
Listahátíðin á Grundarfirði.



AXEL: Útskriftarferð
til Tyrklands.



EVA LIND:
Spánnarferð.




DILLJÁ: Landsmót
hestamanna.



Hvenær áttu von á þér?



Straight Pride



Hinni og Palli



Kokkur án klæða



Basshunter



Flottur jakki 2008



Steini er ekki sá eini



Kjörin til stækkunar



Hann fór í veiðiferð í gær

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Það er allt stærra í Ameríku



Skítt með kerfið



xxxx



Mæðgur með á nótnum



Óskarinn á túbu



Ástarör



Heitasta útihátíðin í ár



Galtalækur 2008



Þau tvö



Nú ætla ég fara út til Eyja



Kátar á Kántrýhátíð



Agnes dragkóngur

Í SKÝJUNUM



ÖRN SIGURÐARSON
FLAUG MEÐ MEL GIBSON

mosfellingur@
mosfellingur.is

TVÍFARAR



Mosó MERKID



CRISTIHAN TRIQUETRA



LAUGARDAGSKVÖLDIÐ

30. ÁGÚST

Í TÚNINU HEIMA

Dúettinn

HLJÓMUR

spilar frá
kl. 24-03



ÁRIÐ SEM GELGJAN DÓ

Á skólasetningu Verslunarskólans fyrir 5 árum, þar sem ég var mætt með sléttað hvítt hár í gallapils og blómasandöllum sagði skólástjórinn okkur það að inn í skólán kæmum við börn og færum þaðan út fullorðin ungt fólk.

Þetta þótti fróken Köru að sjálf-sögðu gifurleg móðgun, enda leit ég á sjálfa mig sem fullkominn og fullunnin einstakling. Núna í ár gekk ég út um dyr menntaskólans að eilífu og get ég fullyrt að skólástjórinn vissi þó nokkuð meira en ég vildi að viðurkenna.

Þetta er árið sem ég fór að borga tryggingarnar mínar sjálf, þurfti að taka námslán fyrir háskólanáminu mínu, fór í gönguferð um jökulsárgljúfur meðan aðrir veltumst um í drullunni á þjóðhátíð, festi ráð mitt og hugsa um alvöru lífsins.

Þó að ég hlakki mikið til kafla lífsins sem er að hefjast hjá mér, ætla ég að nýta mér tækifærið til að ávarpa kynslóðina sem er að hefja menntaskólagöngu sína. Það er satt það sem foreldrar okkar hafa sagt okkur; menntaskólaárin eru best og áhyggjulausasti tími ævi okkar. Njótið hans vel og nýtið öll tækifæri sem verða á ykkar vegi!

Gaman er að segja frá því að á dögunum fann ég gamlan pistil þar sem ég kenndi konum Mosfellsbæjar að halda í karlmanninn sinn. Ég hló mikið yfir þessum fundi þar sem ég var 18 ára og einhleyp þegar ég skrifaði þann pistil en mjög bersýnilega með svörin við öllu. Spurning hvort ég finni þennan pistil eftir nokkur ár og hlægji jafn datt?

Kara Hergils



SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Hjól í óskilum

Wheeler karlmannshjól í óskilum í Holtahverfi. Upplýsingar í síma 821-6926.

Íbúð óskast til leigu

Tveggja herbergja íbúð óskast. Langtímaleiga. Traustur greiðandi hefur meðmæli. Fyrirframgreiðsla ef óskað er. Albert sími: 866-6684.

iPod fannst á reiðgötu

Hvítur nano iPod fannst á reiðgötunni við gagnfræðaskólann. Ef einhver kannast við hann má hann hafa samband við Margréti í síma: 899-6571.

Reiðhjól til sölu

Nýtt, ónotað reiðhjól með sjö girum áfram. Er líka með rafljóði sem má hlaða með hleðslutæki sem fylgir með. Ívar, sími: 892-8568.

Íbúð til leigu!

Þriggja herbergja íbúð til leigu. Laus 1. nóv, langtímaleiga uppl. í síma 517-7889 eða 695-6277 Elvar og Elín.

Íbúð óskast til leigu

Við erum sex manna fjölskylda og erum að flytja í Mosfellsbæ. Okkur vantar því húsnæði með góðum garði og helst fimm svefnherbergjum til lengri tíma. Við heitum góðri umgengni og skilvísun greiðslum. Þeir sem geta hjálpað okkur að finna húsnæði vinsamlegast hringið í síma 894-9050 (Sigríður Dögg) eða sigridurdogg@gmail.com.

Týndur iPod Touch

iPod Touch með Lamborghini þema á skjámynd týndist í lok maí. Týndist væntanlega í kringum Álfatanga/Skeljatanga eða í strætisvagni 15. Ég bið fólk um að hafa augun opin. Hans er sárt saknað á heimilinu. Sigríður, s. 825-1095.

Barnavagn óskast

Barnavagn eða kerra til að breyta í kaffisöluveru á fót-boltaleikjum óskast gefins upplýsingar í netfanginu afturelding@internet.is

Tekið er á móti smáauglýsingum á netfangið: mosfellingur@mosfellingur.is

Veitingastaðurinn ORANGE LAB

óskar eftir matreiðslunum. Ekki verra ef hann/hún er úr Mos.

Nánari upplýsingar í síma 822-3003.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

ISHAMAR

Alhliða trésmíði

Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357
s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is



BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NYJRI HLUTIR
- VIFTUREIMAR
- BREMSUKLOSSAR

- TÍMAREIMAR
- SMURGIUR
- PERUR

- KERTI
- HREINGEFNI
- OLJUR



GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS



Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040



Viltu betri heilsu?

Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Hertalíle ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 889 9913
betriheilsa.isragga_raggasj@gmail.com



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS



S. 55 44444
Þverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424



Víkingar sýna bogalistir

Leirvogstungudagurinn var haldinn í fyrsta sinn í sumar þar sem meðal annars var opnaður nýr víkingaleikvöllur á svæðinu. Á myndinni má sjá þau Elinu Reynisdóttur og Bárð Smárason úr víkingafélaginu Rimmugýgi.

Mynd/Hilmur

Lækkaðu
bensinkostnaðinn
fáðu ókeypis dælylkill
frá Atlantsolía.



AO
ATLANTSOLÍA

Mosfellsbær

Sími 591 3100
www.atlantsolia.is

Þjónusta við
Mosfellinga í 19 ár



Klapparhlíð

Falleg 91 fm. íbúð á 3. hæð í glænýju fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Sér inngangur og vönduð gólfefni auk innréttinga. Stórar svalir í suður. Opið í eldhúsi úr stofu. Eitt rúmgótt svefnherbergi. Lyfta. Topp frágangur. V. 26,5 m.



Bugðutangi

Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rölegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnh og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verönd og fallegur garður. V. 39,9 m.



Leirutangi

Hagstætt fermetra verð!!! Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór- býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. V. 21,8



Litlikriki

Efst í hlíðum Krikkahverfisins. Tvö falleg og vel skipulögð 195 fm raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð. Hiti í gólfum. Flottar teikningar. Húsið stendur ofan götu og er skógræktarsvæði í hlíðinni ofan við húsið. Flott staðsetning. V. 40,9 m.



Krókabyggð

Glæsilegt 221 fm parhús á tveimur hæðum á stórrí og fallegri lóð. Húsið skiptist í þrjú svefnh, glæsilegt baðherbergi, sjónvarpsstofu, stofu, eldhús, gestasalerni, þvottahús og 34,5 fm bílskúr. Stórar svalir eru á efri hæð með heitum potti.



588 55 30

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

Grétar J. Stephensen
löggiltur
fasteignasali
861-1639



Rituhöfði

Fallegt 167 fm. parhús á einni hæð við Rituhöfða. Flott lóð með hellulögnum og varmalögnum undir. Fallegur garður. Innbyggður bílskúr. Tvö baðherbergi og vandaðar innréttingar. Topp eign í vinsælu hverfi. V. 43,9 m.



Bjargartangi

Fallegt og mikið endurnýjað 191 fm einbýlishús á frábærum stað með tvöföldum bílskúr, hellulagðri innkeyrslu og fallegum garði. Vandaðar innréttingar, gólfefni og tæki. Hagstætt áhv. lán að upphæð 36,8 millj. V. 49,9 m.



Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús með auka 18 fm. óskráðu risherbergi. Lokuð og gróin gata. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi, Flottur sólpallur. Hellulagt bílappan. Afar hgstæðlán með 4,15 % vöxtum yfirtakanleg án vaxtabreytinga. V. 41,2 m.



Hjallahlíð

Hjallahlíð Glæsilegt 117 fm. neðri hæð auk 26 fm. bílskúrs við Hjallahlíð. Samt. 143 fm. Flottar innréttingar og gott skipulag. Stór sólpallur með skjólveggjum í suður. 3 stór svefnherbergi. Glæsilegt eldhús og baðherbergi. Eign fyrir vandláta. V. 36,0